

Ed.

74. Frumvarp

til laga um gjöld til holræsa og gangstjetta á Akureyri.

Flutningsm.: M. J. Kristjánsson.

1. gr.

Þar sem bæjarstjórnin hefir lagt holræsi í götu á kostnað bæjarsjóðs, er hverjum húseiganda skylt að gera á sinn kostnað ræsi, er flytji alt skolp frá húsi hans út í göturæsið. Skulu þau ræsi ekki vera lakari að gerð en göturæsin og gerð undir umsjón veganeftdar, eða þess manns, er hún felur umsjónina, samkvæmt reglugerð, er bæjarstjórnin setur um tilhögun skolpræsa innan húss og utan. Skal í þeirri reglugerð ákveða, að regnvatn skuli leitt í göturæsin. Vanræki nokkur að gera þetta innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórnin setur, getur bæjarstjórnin látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Kostnaður við holræsagerð í götum bæjarins, og sömuleiðis kostnaður við steinlimdar, hellulagðar og aðrar jafn-vandaðar gangstjettir, greiðist úr bæjarsjóði. En heimilt er bæjarstjórninni að leggja holræsa- og gangstjettaskatt á hús og lóðir í bænum, samkvæmt reglugerð, er hún setur og stjórnarráðið samþykkir. Skal gjaldið miðað við skattvirðingarverð húseigna og lengd lóða með fram götu, þar sem holræsi eða gangstjettir verða lagðar.

3. gr.

Kröfur þær, er bæjarstjórnin fær á hendur lóðareigendum og húseigendum samkvæmt heimild þeirri um skattálagningu, sem felst í 2. gr. laga þessara, skulu trygðar með veði í húseignum og lóðum, sem liggja að götum, þar sem holræsi eða gangstjettir eru gerðar.

4. gr.

Allar kröfur og gjöld, sem af lögum þessum kunna að leiða, má taka lögtaki sem önnur gjöld til bæjarsjóðs.

Ástæður fyrir frumvarpinu:

Bæjarstjórn Akureyrar hefir ákveðið að byrja á holræsa- og gangstjettagerð í kaupstaðnum svo fljótt sem því verður við komið. Það er raunar miklum erfiðleikum bundið, vegna staðhátta og fólksfæðar, að framkvæma þetta verk í stórum stíl, einkum ef kostnaðurinn ætti allur að greiðast úr bæjarsjóði. Það er því í

trumvarpinu farið fram á heimild til að leggja holræsa- og gangstjettaskatt á hús og lóðir á ýmsum stöðum í bænum, jafnóðum og verkið kemst til framkvæmda, samkvæmt reglugerð, er bæjarstjórnin setur og stjórnarráðið samþykkir.

Með þessu fyrirkomulagi verður það að miklu leyti komið undir gjaldendunum sjálfum, hversu mikið verkinu er hraðað, því að sjálfsögðu yrði þá byrjað þar, sem þörfin er mest, og menn eðlilega væru fúsastir að leggja eitthvað á sig í þessu skyni.

Með því að varla geta verið skiftar skoðanir um nauðsyn slíkra framkvæmda, þar eð holræsi samfara góðri vatnsveitu eru talin meðal aðal-skilyrðanna fyrir því, að heilbrigðisástand bæjanna geti verið í sem bestu lagi, leyfir bæjarstjórnin sjer að vænta þess, að frumvarp þetta, eins og það liggur fyrir, nái fram að ganga.